

## **Viðauki III**



**Helstu sjónarmið aðila í innanlandssamráði og  
afstaða Fjarskiptastofu**

**Kostnaðargreining á heildsöluverðum  
koparheimtauga**

**3. maí 2023**

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Sjónarmið Símans .....	3
3	Sjónarmið Sýnar.....	11

## 1 Inngangur

(1) Frumdrög að ákvörðun Fjarskiptastofu (FST) um heilðsölugjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum fór í innanlandssamráð sem stóð frá 10. janúar til 9. febrúar 2023.

(2) Athugasemdir bárust frá Símanum hf. (Síminn) og Sýn hf. (Sýn). FST sendi athugasemdirnar til umsagnar hjá Mílu. Í Viðauka II má finna athugasemdir Símans og Sýnar í heild sinni ásamt svörum Mílu við athugasemdunum.

(3) FST hefur tekið saman helstu sjónarmið Símans og Sýnar vegna ákvarðanadraga FST í eftirfarandi kafla. Þar eru tilgreind svör Mílu þar sem það á við og afstaða FST. Þá bendir FST jafnframt á að í ákvörðunardrögum má finna svör við mörgum af þeim athugasemdum sem settar voru fram af hálfu Símans og Sýnar.

## 2 Sjónarmið Símans

### Síminn

---

#### Vísitölutenging verðskrár undir kvöðum

(4) Í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram á bls. 1:

„Í athugasemdum FST með fréttinni kemur fram að fyrirhugað sé að hækka verðskrá vegna koparheimtauga frá kr. 1.558 í kr. 1.978. Núgildandi verð vegna kopartenginga tók síðast breytingum 1. júní 2019, sbr. ákvörðun PFS nr. 8/2019 og er þannig um verðhækkun sem nemur 27%. Er þannig ljóst að FST telur eðlilegt að hækka verð í samræmi við vísitölu og þar af leiðandi *samþykkt stefna FST að vísitölutengja verðskrár fyrirtækja undir kvöðum.*“

#### Afstaða FST

(5) Síminn telur að FST sé að samþykkja að vísitölutengja verðskrár fyrirtækja undir kvöðum. Hér er um misskilning að ræða. Í ákvörðunardrögum er í kafla 2.1 vísað í texta ákvörðunar FST nr. 5/2021 þar sem það kemur skýrt fram að gjaldskráin fyrir aðgang að koparheimtaugum skuli vera kostnaðarmiðuð og byggja á kostnaðargreiningu sem nánar er lýst í kaflanum. Þetta er að mestu í samræmi við fyrri markaðsgreiningarákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2014. FST fer yfir kostnaðargreiningu Mílu eins og lýst er í ákvörðunardrögum og getur gert breytingar á henni ef stofnunin telur að tiltekinn kostnaður stafi af óhagræði (sjá kafla 5.3.2 í drögum). Þá getur FST við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin. FST er einnig heimilt að taka tillit til þess verðs sem er í boði á sambærilegum samkeppnismörkuðum. FST (og áður PFS) hefur um margra ára skeið skoðað niðurstöðuna sem kostnaðargreining skilar m.t.t. vísitölupróunar milli kostnaðargreininga og/eða með verðsamanburði við sambærilega þjónustu. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að hækkanir séu langt umfram þróun vísitölu. Þetta þýðir þó ekki að FST sé að samþykkja að gjaldskráin hækki sjálfkrafa í samræmi við vísitölu. FST getur gripið til ráðstafana ef stofnunin telur að tiltekinn kostnaður stafi af óhagræði í rekstri og FST gerði það í þessari greiningu hvað varðar hýsingarkostnað eins og fram kemur í kafla 5.3.2.

(6) Hins vegar var sú nýbreytni lögð fram í ákvörðun FST nr. 5/2021 að heimilt yrði að hækka gjaldskrána árlega með vísitölu að frádreginni hagræðingarkröfu sem FST myndi ákvarða milli þess sem kostnaðargreiningar yrðu framkvæmdar til að ákvarða verð út frá kostnaði. Tilgangurinn með þessu var að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika heimtaugaverðs en eins og fram kemur í kafla 5.9.3 taldi FST ekki tímabært að ákvarða umrædda hagræðingarkröfu þar sem ljóst er að endurskoða þarf ákvörðun nr. 5/2021 fyrir 15. september 2023, þ.e. fyrir þann tíma sem hækkunin hefði átt að taka gildi. Það er því ekki þannig að gjaldskrá Mílu hækki sjálfkrafa með vísitölu á meðan sú kvöð er á Mílu að gjaldskráin sé kostnaðarmiðuð. Hins vegar mun kvöðin verða endurskoðuð í markaðsgreiningu FST sem stofnunin er að vinna að þessa stundina.

## **Síminn**

---

### **Kostnaður við rekstur koparheimtauga**

(7) Í kafla 2.2. í greinargerð Símans eru tilvísanir í 52. gr. fjarskiptalaga og bendir fyrirtækið á að taka skuli tillit til og hvetja til fjárfestinga. Þá segir Síminn:

„Síminn telur að það sé vafasamt að kostnaður við rekstur koparheimtauga hafi vaxið um 27% frá árinu 2019.“

### **Afstaða FST**

(8) Ekki er því haldið fram í kostnaðargreiningunni að kostnaður hafi vaxið um 27% frá árinu 2019. Kostnaður hefur lækkað miðað við þann kostnað sem síðasta kostnaðargreining byggði á. Hins vegar hefur seldum einingum fækkað töluvert mikið og kostnaður ekki lækkað það mikið að einingaverð standi í stað.

## **Síminn**

---

### **Ákvörðun FST nr. 5/2021 felld úr gildi að hluta**

(9) Í kafla 3 í athugasemdum Símans bendir fyrirtækið á að ákvörðun FST nr. 5/2021 sé grundvöllur þeirra kvaða sem hvíla á Mílu en að ákvörðunin hafi verið felld úr gildi að hluta til.

### **Afstaða FST**

(10) Eins og tilgreint er í kafla 2 í ákvörðunardrögunum þá lúta þær breytingar sem úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála ákvarðaði ekki að kvöð um eftirlit með gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum, ljóslínunum í götuskáp, VULA á koparheimtaugum og aðstöðu sem tengist staðaraðgangi á koparheimtaugum. FST sér ekki tilganginn með þessari ábendingu Símans í þessu samhengi. Ákvörðunin er í gildi hvað varðar koparheimtaugar og því eðlilegt að byggja fyrirhugaða ákvörðun um gjaldskrá fyrir koparheimtaugar á umræddri ákvörðun.

## **Síminn**

---

### **Hækkunir umfram vísitölu og notkun byggingarvísitölu**

(11) Á bls. 3 í greinargerð sinni leggur Síminn fram töflu um verðbreytingar og vísitölu. Síminn bendir á að verðhækkunin á árinu 2019 hafi falið í sér hækkun umfram vísitölu neysluverðs og byggingarvísitöluna og að það eigi einnig við nú. Þá gerir Síminn athugasemdir við hækkunir á

þjónustu sem byggir á fjárfestingum sem eru að miklu leyti afskrifaðar og þjónustu sem stefnt er að loka á næstu árum. Þá gerir Síminn athugasemd við að miðað sé við vísitölu byggingarkostnaðar vegna kopartenginga sem hafa ekki verið lagðar á Íslandi í fjölda ára en stefnt er að lokun á koparkerfinu á næstu 2-3 árum. Þá tilgreinir Síminn hækkunir á ljósleiðara ljósleiðarans, Mílu og Tengis til samanburðar.

## Svör Mílu

(12) Í svörum Mílu kom eftirfarandi fram:

„Allar forsendur kostnaðargreiningarinnar, þ. á m. framreiknað *stofnverð* fjárfestinga í koparinnviðum í samhengi við líftíma fjárfestingar, eru málefnalegur grundvöllur við mat á hóflegri arðsemiskröfu og rúmast innan fyrir mæla 52. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, ásamt því að gætt er viðhlítandi samræmis gagnvart fyrri stjórnvaldsákvörðunum FST. Í framangreindu samhengi er fullkomlega rökrétt og eðlilegt að líta til *byggingarvísitölu* til að framreikna fjárfestinguna en sú vísitala er talin endurspegla best verðþróun þar sem stór hluti fjárfestingar liggur í jarðvegsvinnu og er vísitalan jafnframt viðurkenndur mælikvarði hér á landi við uppreikning kostnaðar.

Ekki er óeðlilegt að gjaldið hækki lítillaga umfram neysluverðs- og byggingarvísitölur frá 2017-2021. Hækkunin er meira að segja undir þróun byggingarvísitölu fram til 2022, eins og FST bendir á, auk þess sem *launavísitala*, sem er eðli máls samkvæmt stór og mikilvæg breyta, hefur hækkað markvert frá síðustu kostnaðargreiningu.

Hækkunir umfram verð á ljósleiðaratengingum skýrast einkum af lægra *nýtingarhlutfalli*. Koparheimatugum Mílu fækkaði um 20% á árinu 2021 og eins og sjá má í kostnaðargreiningunni fækkaði koparheimtaugum úr 120 þúsund í 47 þúsund frá árunum 2016 til 2021. Þessi fækkun er viðvarandi og hefur koparheimtaugunum fækkað um 12.000 á sl. ári. Tekjur af kopartengingum hafa á sama tíma farið og munu fara ört þverrandi.

Gæta verður einnig þeirrar staðreyndar að hvar ljósleiðaravæðingu er að fullu lokið í mjög fáum og jafnframt fámennum sveitarfélögum hefur Míla, samhliða fækkun kopartenginga og um leið verri nýtni, *samtímis* neyðst til að halda úti víðtæku og kostnaðarsömu kerfi.“

## Afstaða FST

(13) Eins og kemur fram hér að ofan byggir niðurstaðan um verð á kostnaðargreiningu en tilvísun í samsvarandi hækkun byggingarvísitölu og launavísitölu er til að meta hvort ástæða sé til að hafna kostnaðargreiningunni. Samkvæmt ákvörðunardrögum er það niðurstaða FST að byggja á kostnaðargreiningu Mílu en þó með þeim breytingum sem FST lagði fram við meðferð málsins.

(14) Eins og fram kemur í greiningunni er fjárfestingarkostnaður 68% af heildarkostnaði á móti 32% rekstrarkostnaði. Þar sem byggingarvísitalan lýsir best þeim kostnaði sem verður til við uppbyggingu og viðhald á koparkerfi hefur FST miðað við þá vísitölu bæði við framreikning á kostnaði og til að meta niðurstöðuna um verð. Byggingarvísitalan byggir m.a. á kostnaði við lagnaefni og jarðvegsvinnu. Einnig er horft til launavísitölu þar sem 32% kostnaðar er rekstrarkostnaður sem að miklu leyti byggir á launakostnaði þó að hýsingarkostnaður sé þar einnig stór þáttur. FST horfir hins vegar ekki til neysluverðsvísitölu í þessu samhengi þar sem neysluvörur hafa ekki mikil áhrif á kostnað við rekstur og viðhalds koparkerfisins.

(15) Í umfjöllun FST í kafla 5.8.2 er horft til ársins 2017 þegar byggingarvísitalan er skoðuð þar sem það var það rekstrarár sem síðasta heimtaugaverð byggði á. Hins vegar tók heimtaugaverðið ekki gildi fyrr en 1. júní 2019 eins og Síminn bendir á. Ef horft er á hækkun byggingarvísitölu frá þeirri dagsetningu til janúar 2023 þá hækkaði hún um 23% á meðan launavísitalan hækkaði um 31%. Þá ber að geta í þessu samhengi að hækkunin á heimtaugaverðinu án áhrifa af niðurlagningu stofngjalda er 25% auk þess sem gildistakan er ekki fyrr en tveimur mánuðum eftir að Míla tilkynnir um þessa verðbreytingu. FST telur ekki vera ástæðu til að hafna kostnaðargreiningu Mílu þó að hún skili niðurstöðu sem þýði hækkun frá því að núgildandi verð tók gildi sé aðeins meiri en hækkun byggingarvísitölu frá þeim tíma. FST vísar einnig í umfjöllun í kafla 5.9.1 í ákvörðunardrögnum.

(16) Varðandi fullyrðingu Símans um að stefnt sé að lokun á koparkerfinu á næstu 2-3 árum þá óskaði FST eftir svörum frá Mílu varðandi þetta og fékk eftirfarandi svar:

„Ekkert hefur verið gefið formlega upp um það hvenær koparkerfinu verði lokað en stefnt er að lokun kerfisins innan næstu 6-7 ára. Það er því ekki rétt að koparkerfið verði aflagt á næstu 2-3 árum.“

## Síminn

---

### Yfirfærsla á ljósleiðara

(17) Að mati Símans hefur ekki verið dráttur á yfirfærslu frá kopartengingum yfir í ljósleiðara, það séu engar vísbendingar um að verðlagning á kopar í dag væri að hafa áhrif á útskiptingu yfir í ljósleiðara. Það væri eðlilegt í þeim tilfellum sem fjarskiptafyrirtækin vanrækja að færa tengingar frá kopar yfir á ljósleiðara að verðlagning kopars yrði hækkuð verulega til þess að stuðla að hraðari útskiptingu. Ef vettvangsþjónusta viðkomandi innviðafyrirtækis gæti hins vegar ekki sinnt eftirspurn, þá væri óeðlilegt að hækka verð kopartenginga.

(18) Að mati Símans er aðal vandamálið mannafla til þess að sinna eftirspurn við yfirfærslu á ljósleiðara og síðan aðgengi að íbúðum neytenda, sem þurfa að veita aðgang að heimili sínu á vinnutíma sem getur verið áskorun.

### Svör Mílu

(19) Í svörum Mílu kom eftirfarandi fram:

„Engin fyrirstaða er af hálfu Mílu, þ. á m. er *enginn skortur* á mannafla, til að flytja viðskiptavinum frá kopartengingum yfir á ljósleiðaratengingar. Míla stefnir hraðbyri að útfösun kopartenginga og vantar ekkert upp á hvatningu í þeim efnum. FST er þegar upplýst um þetta ásamt því að fyrir liggur að FST hefur boðað að óskað verði nákvæmra upplýsinga um fyrirætlanir Mílu í þessu tilliti.

Horfa verður einnig til þeirrar staðreyndar að Míla er ekki í viðskiptasambandi við endanotendur, heldur eru það viðskiptavinir Mílu, fjarskiptafyrirtæki á smásölumarkaði. Athafnaleysi þeirra, eða hverjar aðrar þær ástæður sem kunna að búa að baki því að endanotendur hafa ekki í öllum tilvikum skipt yfir, getur eðli máls samkvæmt ekki staðið í vegi að Míla fái eðlilegt og lögbundið endurgjald/arðsemi fyrir kopartengingar sínar.“

## **Afstaða FST**

(20) Eins og kemur fram í ákvörðunardrögum byggir gjaldskráin á kostnaði við veitingu þjónustunnar. Þá er um að ræða sama verð um allt land sem er í samræmi við ákvörðun FST nr. 5/2021. Að mati FST kemur það ekki til greina að stofnunin fari að fylgjast með upptöku ljósleiðara á hverju svæði fyrir sig og getu innviðafyrirtækis til að sinna eftirspurn eftir ljósleiðaratengingum til að ákvarða verð fyrir koparheimtaugar á því svæði. Að mati FST er Síminn á villigötum hér með það hvernig beri að hvetja til fjárfestingar í afkastamiklum háhraðanetum í samræmi við fjarskiptalög. FST telur að það stuðli ekki að fjárfestingu í ljósleiðara í samkeppni við koparheimtaugar að hafa aðgangsverð fyrir koparheimtaugar undir kostnaðarverði.

(21) FST telur það jafnframt ekki vænlegt til að hvetja til fjárfestingar Mílu í ljósleiðara að þvinga fyrirtækið til að innheimta gjald sem ekki stæði undir kostnaði við rekstur koparkerfisins.

## **Síminn**

---

### **Yfirlýsing á ljósleiðara**

(22) Á bls. 4 í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Ennfremur er mikilvægt að hafa í huga að á ákveðnum stöðum er kopar eini valkosturinn og þar væri skynsamlegt að hafa verð kopars í lágmarki sem myndi leiða til þess að hvati sé til þess að fjárfesta í ljósleiðara og þannig geta selt dýrari og betri tengingar. Þegar ljósleiðarinn er síðan lagður, þá væri hægt að hækka verð kopars verulega til þess að flýta fyrir upptöku og nýtingu á hagkvæmari og betri tengingum. Að hækka verð kopars áður en ljósleiðarafjárfestingin hefur átt sér stað er að mati Símans óskynsamleg nálgun og leiðir til rangra hvata.“

## **Afstaða FST**

(23) FST vísar í ofangreind svör stofnunarinnar og þá staðreynd að ákvörðunardrögin byggja á ákvörðun FST nr. 5/2021 þar sem fram kemur að meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt skuli vera reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

## **Síminn**

---

### **Yfirlýsing á ljósleiðara**

(24) Á bls. 4 í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Síminn bendir á að FST heldur því fram að það sé eðlilegt að hækka koparheimtaug um 27% vegna þess að of lágt verð dragi úr hvata til upptöku á ljósleiðara. Þarna virðist mikill misskilningur eiga sér stað hjá FST um raunverulega upptöku ljósleiðara á Íslandi.“

## **Afstaða FST**

(25) Hér er um mistúlkun að ræða hjá Símanum. Hækkunin kemur til vegna þess að þróun kostnaðar á hverja selda einingu hefur hækkað og það er niðurstaða kostnaðargreiningarinnar sem ræður verðinu en ekki hvati til upptöku á ljósleiðara. FST er hér að vísa til þess að ef stofnunin myndi hafna niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar í þeim tilgangi að takmarka

verðhækkunina gæti það leitt til þess að verðið yrði of lágt í samanburði við ljósleiðaraheimtaugar sem aftur gæti dregið úr hvata fjarskiptafyrirtækja til að skipta yfir í ljósleiðaraheimtaugar þar sem þær eru í boði. Í þessu samhengi má nefna sem dæmi að á höfuðborgarsvæðinu<sup>1</sup> hafa nánast öll heimili og fyrirtæki haft aðgang að ljósleiðaraheimtaugum í nokkur ár en samt sem áður eru koparheimtaugar 16% útleigðra heimtauga<sup>2</sup>. Eins og kemur fram í ákvörðun FST nr. 5/2021 er það mat FST að staðganga sé milli kopars- og ljósleiðaraheimtauga. Þau fjarskiptafyrirtæki, eins og Síminn, sem innheimta sama línugjald fyrir kopar- og ljósleiðaraheimtaugar hafa meiri framlegð af línugjaldinu vegna koparheimtauga en ljósleiðaraheimtauga og því getur verið hvati til staðar í einhverjum tilfellum að hafa viðskiptavinum fyrirtækisins áfram á koparheimtaugum. Þetta er hins vegar alls ekki ráðandi þáttur varðandi niðurstöðu FST um verðið, það er niðurstaða kostnaðargreiningarinnar sem ræður. Það er íþyngjandi ráðstöfun að leggja verðkvöð á fyrirtæki og þegar slíkt er gert er eðlilegt að fyrirtækið nái að endurheimta kostnað sem verður til með hagkvæmum rekstri.

## Síminn

---

### Endurmat á stofnverði eigna sem hafa verið afskrifaðar

(26) Á bls. 5 í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Þá vill Síminn nefna að það þurfi að gera grein fyrir því hvort kostnaðargreiningin taki mið af því að umtalsverðum hluta koparkerfisins hefur verið lokað í reynd í þeim tilfellum sem ljósleiðari hefur verið lagður og kominn í notkun. Endurmat á stofnverði slíkra tenginga ætti ekki að vera hluti af kostnaðargreiningu, enda þjónusta sem er lokað í reynd og verður ekki seld eða nýtt. Er óljóst hvernig þetta hefur áhrif á greininguna og þarf að gera grein fyrir.“

## Svör Mílu

(27) Í svörum Mílu kom eftirfarandi fram:

„Allar forsendur kostnaðargreiningarinnar, þ. á m. framreiknað *stofnverð* fjárfestinga í koparinnviðum í samhengi við líftíma fjárfestingar, eru málefnalegur grundvöllur við mat á hóflegri arðsemiskröfu og rúmast innan fyrirmæla 52. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, ásamt því að gætt er viðhlítandi samræmis gagnvart fyrri stjórnvaldsákvörðunum FST.“

## Afstaða FST

(28) Eins og fram kemur í ákvörðunardrögunum byggir fjárfestingarkostnaðurinn á sögulegum kostnaði. Ekki er því um að ræða að fjárfestingar hafi verið endurmetnar eins og gert er þegar fjárfestingarstofn er metinn út frá endurstofnverði. Hins vegar er sögulegur kostnaður framreiknaður með byggingarvísitölu eins og í fyrri kostnaðargreiningum á heimtaugamarkaði. Þegar gjaldskrá byggir á sögulegum kostnaði er gert ráð fyrir því að fjárfestingar endurheimtist á líftíma fjárfestingarinnar, sem er 20 ár í tilfelli koparheimtauga, en ekki jafnóðum enda hefði þá heimtaugagjaldið verið mjög hátt þegar fjárfestingarnar voru hvað mestar. Þetta hefur það í för með sér að það tekur langan tíma að endurheimta fjárfestinguna með heimtaugagjöldum. Í kafla 5.8.2 í ákvörðunardrögunum er nákvæm lýsing

---

<sup>1</sup> Að undanskildum Kjósahrepp.

<sup>2</sup> Miðað við tölur um mitt ár 2022.



á því hvernig heimtaugaverðið er reiknað og þá er í kafla 5 lýsing á því hvernig fjárfestingarstofninn er ákvarðaður.

## Síminn

---

### Niðurfelling stofngjalda

(29) Á bls. 5 í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Síminn fær ekki séð í fljótu bragði hvaða þýðingu það hefur að fella niður stofngjöld sem leiðir til þess að mánaðargjald vegna leigu heimtaugar verður 31 kr. hærra. Síminn vekur hér athygli á því að kostnaður við stofngjöld á þjónustu sem er í yfirlýstu lokunarferli ætti ekki að vera fyrir hendi. Þess í stað ætti einfaldlega að loka fyrir nýskráningar vegna koparheimtaugar þar sem ljósleiðari frá Mílu er í boði eða ljósleiðari frá birgja sem Míla býður ljósleiðara yfir. Með þeim hætti væri líklega verið að spara stofnkostnað.“

### Afstaða FST

(30) FST vísar í umfjöllun í kafla 5.5 í ákvörðunardrögum. Kostnaðurinn á bak við nýskráningu heimtauga var ekki sérgreindur í síðustu kostnaðargreiningu og það var ekki heldur gert í þessari greiningu. Í síðustu kostnaðargreiningu voru áætlaðar tekjur af stofngjöldum dregnar frá heildarkostnaði en stofngjaldið hélst þá óbreytt. Þetta er því eingöngu spurning um uppbyggingu á gjaldskrá Mílu og hvernig kostnaði er deilt niður á þjónustu en heildarkostnaðurinn breytist ekki.

(31) Hvað varðar umfjöllun Símans um að loka beri fyrir nýskráningu þá er högun á niðurlagningu koparkerfisins ekki til umfjöllunar í þeim ákvörðunardrögum sem hér er til umfjöllunar. FST er ekki kunnugt um hvenær Míla hyggst loka fyrir nýskráningar koparheimtauga og hvernig því verði háttað. Það hefur verið tekið til skoðunar í sérstöku og sjálfstæðu máli í tengslum við 60. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022.

## Síminn

---

### Tillaga um hvata til fjárfestingar

(32) Í kafla 6 í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Síminn leggur til að í þeim tilgangi að auka hvata til þess að ljósleiðari verði lagður í þéttbýli og að sama skapi hvetja til upptöku ljósleiðara og þar með lokun koparkerfis leggur Síminn til eftirfarandi tillögu:

- a) Mílu verði heimilt með tveggja mánaða tilkynningarfresti að hækka verð á koparheimtaugum þar sem annað ljósleiðarafyrirtæki hefur lagt ljósleiðara og Míla hefur ekki möguleika á því að bjóða upp á ljósleiðaratengingu.
- b) Mílu verði heimilt að hækka verð á koparheimtaugum þar sem Míla hefur lagt ljósleiðaraheimtaugar og viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur ekki óskað eftir flutningi yfir á ljósheimtaugar innan tveggja mánaða frá tilkynningu um verðhækkun.
- c) Mílu verði ekki heimilað að hækka verð á koparheimtaugum þar sem enginn ljósleiðaraheimtaug er fyrir hendi en verður gert heimilt að hækka verð á kopar þegar Míla hefur lagt ljósleiðara og viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur ekki skuldbundið

sig til þess að færa alla sína viðskiptavinum yfir á ljósheimtaugar innan 12 mánaða frá þeim tíma sem ljósheimtaugar Mílu voru komnar í virka sölu.“

### **Svör Mílu**

(33) Í svörum Mílu kom eftirfarandi fram:

„Tillögur Símans, fyrir utan flækjustigið í framkvæmd, fara gegn lögbundnum rétti Mílu til *hæfilegrar arðsemi* af vöru og þjónustu sinni. Er heldur ekki um hlutlægan og gagnsæjan mælikvarða að ræða, þ. á m. að við gjaldskrárákvarðanir „skuli taka mið af hagræði af *fyrirsjáanlegu og stöðugu heildsöluverði*“. Hækki gjaldið ekki í samræmi við boðaðar breytingar kann slíkt að vera til þess fallið að letja, frekar en hvetja, endanotendur til að færa sig yfir í ljósleiðaratengingar þvert á markmið FST, Mílu sjálfrar og 52. gr. fjarskiptalaga.“

### **Afstaða FST**

(34) FST vísar í fyrri svör hér að ofan og bendir á að kostnaðargreiningin sem er til umfjöllunar hér byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á Mílu í ákvörðun FST nr. 5/2021. Þessar tillögur Símans samræmast ekki gjaldskrárkvöðinni sem tilgreinir að ákvarða skuli aðgangsverðið fyrir koparheimtaugar út frá kostnaði og að verðið skuli vera það sama fyrir landið allt. FST er þessa stundina að vinna að endurskoðun á markaðsgreiningu á markaði 3a og 3b eins og fram kemur í ákvörðunardrögum. Þegar sú markaðsgreining fer í samráð fær Síminn tækifæri til að tjá sig um þær fyrirhuguðu breytingar á kvöðum sem FST kann að leggja til.

### 3 Sjónarmið Sýnar

#### Sýn

---

##### Kostnaðarhækkun koparkerfisins

(35) Í athugasemdum Sýnar kemur eftirfarandi fram vegna fyrirhugaðra verðhækkunar á aðgangi að koparheimtaugum:

„Sýn hf. mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun Mílu á gjaldskrá fyrir aðgengi að koparheimtaugum. Það veður undrun að koparheimtauga-kerfi Mílu, sem stendur til að fasa út á næstu árum, taki á sig svo gífurlega kostnaðarhækkun (27%), sérstaklega þar sem kerfið er í útfösun og fjárfesting í uppbyggingu kerfisins afar takmörkuð, jafnvel engin, á síðastliðnum árum. Því hefði mátt draga þá ályktun að kostnaður við rekstur kerfisins væri í algjöru lágmarki. „

##### Svör Mílu

(36) Í svörum Mílu kom eftirfarandi fram:

„Allar forsendur kostnaðargreiningarinnar, þ. á m. framreiknað stofnverð fjárfestinga í koparinnviðum í samhengi við líftíma fjárfestingar, eru málefnalegur grundvöllur við mat á hóflegri arðsemiskröfu og rúmast innan fyrirmæla 52. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, ásamt því að gætt er viðhlítandi samræmis gagnvart fyrri stjórnvaldsákvörðunum FST.“

##### Afstaða FST

(37) Eins og kemur fram hér að framan við sambærilegri athugasemd frá Símanum þá er því ekki haldið fram í fyrirhugaðri ákvörðun FST um gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum Mílu að rekstrarkostnaður hafi lækkað um 27% frá árinu 2019. Rekstrarkostnaður koparheimtauga hefur lækkað frá síðustu greiningu stofnunarinnar en hins vegar hefur seldum einingum fækkað töluvert á sama tíma og heildarkostnaður hefur ekki lækkað það mikið að einingarverð standi í stað.

(38) Hafa ber einnig í huga að rekstrarkostnaður er 32% af heildarkostnaði við aðgang að koparheimtaugum en fjárfestingarkostnaður er 68% og því hefur kostnaður vegna fjárfestingar meiri áhrif á niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar en rekstrarkostnaður.

#### Sýn

---

##### Hækkunin skilar Mílu auknum tekjum

(39) Í athugasemdum Sýnar kemur eftirfarandi fram um að fyrirhuguð ákvörðun FST muni skila Mílu auknum tekjum upp á 158 millj. kr. á ári.

„Varlega áætlað mun hækkunin skila Mílu auknum tekjum upp á 158 m.kr á ári ef miðað er við fjölda xDSL tenginga í lok árs 2022 skv. gögnum Fjarskiptastofu. Á 6 ára tímabili gæti þessi hækkun því skilað allt að milljarði í auknar tekjur, af kerfi sem ber lágmarksfjárfestingu, er að verða tæknilega úrelt og stendur til að leggja niður.“

## Afstaða FST

(40) Þrátt fyrir að fjárfesting Mílu í koparinnviðum hafi verið í lágmarki síðustu ár þar sem stendur til að leggja kerfið niður og rekstrarkostnaður hafi einnig lækkað töluvert þá er í kostnaðargreiningu FST miðað við að gjaldskrá byggji á sögulegum kostnaði þar sem gert er ráð fyrir að fjárfesting Mílu endurheimtist á líftíma fjárfestingarinnar sem er 20 ár. Fjárfestingarstofninn í þessari kostnaðargreiningu tekur mið af fjárfestingum á árunum 2003-2022. Á fyrri hluta þessa tímabils voru fjárfestingar Mílu í koparinnviðum töluverðar. Gjaldskrárvöðin felur í sér að Mílu er heimilt að endurheimta þennan kostnað í gegnum gjaldskrá félagsins.

(41) FST gerir athugasemd við útreikning Sýnar að á 6 ára tímabili getur fyrirhuguð hækkun á gjaldskrá Mílu skilað félaginu allt að milljarði í auknar tekjur. Við útreikning Sýnar gefur félagið sér þá forsendu að fjöldi xDSL tenginga verði óbreyttur á tímabilinu en fjöldi koparheimtauga fer ört fækkandi, þannig fækkaði koparheimtaugum úr 120 þúsund í 47 þúsund frá árinu 2016 til ársins 2021 eins og kemur fram í svörum Mílu. Fækkun koparheimtauga er viðvarandi ferli og fækkaði þeim um 12.000 á sl. ári skv. Mílu og því er ekki rétt að mati FST að reikna auknar tekjur til næstu 6 ára miðað við fjölda koparheimtauga í lok árs 2022.

## Sýn

---

### Fjárfestingar Mílu búnar að borga sig upp

(42) Í athugasemdum Sýnar kemur eftirfarandi fram varðandi fjárfestingar Mílu:

„Samkvæmt töflu á blaðsíðu 14 úr skýrslu Mílu, sést greinilega að Míla hefur hætt nánast öllum fjárfestingum í uppbyggingu kerfisins árið 2021 en er samt sem áður að áætla verulega aukinn kostnað í rekstur kerfisins á næstu árum. Þetta er sérstakt ef horft er til þess að fjárfestingar í Koparheimtaugakerfi Mílu ná aftur til ársins 1994, eru í lágmarki á næstu árum og ættu að öllum líkindum að vera búnar að borga sig upp. Þá kemur fram á bls. 10 í sömu skýrslu að rekstrarkostnaður kerfisins hefur lækkað umtalsvert.“

## Afstaða FST

(43) Hér virðist gæta ákveðins misskilnings af hálfu Sýnar þar sem að þrátt fyrir að taflan hafi að geyma yfirlit yfir fjárfestingar Mílu í innviðum koparkerfisins allt frá árinu 1994 til ársins 2021 þá eru ekki allar þessar fjárfestingar grunnur að stofni til útreiknings á gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum. Í kostnaðargreiningu félagsins er miðað við líftíma fjárfestingar sé 20 ár og því eru fjárfestingar frá árinu 1994 til ársins 2002 ekki hluti af fjárfestingarstofni Mílu við útreikning á gjaldskrá þar sem félagið hefur endurheimt kostnað vegna þessara fjárfestinga. Þá er tekið tillit til fjárfestinga á árinu 2022 út frá fjárfestingum fram til október en ekki lágu fyrir upplýsingar um heildarfjárfestingar á árinu 2022. Með því að taka inn árið 2022 lækkaði fjárfestingarstofninn töluvert þar sem árið 2002 var þar með ekki lengur hluti af fjárfestingarstofninum.

(44) Þrátt fyrir það að rekstrarkostnaður hafi farið lækkandi og að dregið hafi verulega úr árlegum fjárfestingum þá hefur það ekki dugað til að viðhalda sama einingarverði þar sem heimtaugum hefur fækkað mjög mikið undanfarið.

## Sýn

---

### Opinber framkvæmd sem hefur borgað sig upp

(45) Í athugasemdum Sýnar kemur eftirfarandi fram varðandi opinberar framkvæmdir sem hafa borgað sig upp:

„Hægt er að velta fyrir sér hvort að Hvalfjarðargöngin séu dæmi um opinbera framkvæmd sem líta megi til í sama samhengi og heimtaugakerfi Mílu. Fjárfesting frá árunum 1996 –1998 sem hefur nú löngu borgað sig upp og er nú nýtt almenningi að kostnaðarlausu.“

### Afstaða FST

(46) FST vísar í svar stofnunarinnar hér að ofan og ítrekar að í fjárfestingarstofni Mílu er miðað við líftíma fjárfestingar sem er 20 ár eða fjárfestingar frá árinu 2003-2022. Fjárfestingar Mílu sl. ár í koparheimtaugum eru eingöngu viðhaldsfjárfestingar en ekki nýfjárfestingar og félagið hefur reynt að halda rekstrarkostnaði í lágmarki þar sem stefnt er að leggja koparkerfið niður.

(47) FST vill einnig benda á að þrátt fyrir að aðgangur að Hvalfjarðargöngunum sé nú almenningi að kostnaðarlausu þar sem sú fjárfesting sé búin að borga sig upp þá er enn til staðar árlegur kostnaður sem greiddur er af hinu opinbera sem fellur til við rekstur og viðhald á göngunum.